

Fylgiskjal 1 við lög Félags talmeinafræðinga á Íslandi FTÍ

Starfandi nefndir innan FTÍ.

Markmið

1. gr.

Þessari reglugerð er ætlað að halda utan um nöfn, hlutverk og starfslýsingar þeirra nefnda sem stofnað er til á vegum Félags talkennara og talmeinafræðinga.

Nöfn og hlutverk nefnda

2. gr.

Eftirtaldar nefndir eru starfandi á vegum FTT:

Ritnefnd - 5 nefndarmenn. Ritnefnd er skipuð til 2-4 ára í senn og hefur umsjón með efnisöflun, uppsetningu og útgáfu Talfræðingsins, tímarits talmeinafræðinga. – *Nefnd í vinnu við mögulegar breytingar á verklagi.*

Réttindanefnd - 3 nefndarmenn. Hlutverk nefndar er að fara yfir umsóknir um starfsleyfi sem talmeinafræðingur og gera skriflega umsögn sem send er landlæknisembætti. Einnig svarar nefndin fyrirspurnum sem berast um námskröfur, réttindi o.fl – *Breytingar í vinnslu eftir nýja reglugerð um menntun, réttindi og skyldur talmeinafræðinga.*

Samninganefnd við SÍ – 4 nefndarmenn. Samninganefnd semur við Sjúkratryggingar Íslands um þjónustu talmeinafræðinga á stofu utan stofnana fyrir einstaklinga sem eru sjúkratryggður.

Tengiliðir við stjórn og samninganefnd Fræðagarðs – 2 tengiliðir. Hlutverk tengiliða er að koma sjónarmiðum og kröfum talmeinafræðinga til stjórnar Fræðagarðs og kynna fyrir talmeinafræðingum sem eru í Fræðagarði innihald kjarasamninga og stofnanasamninga Fræðagarðs við ríki og sveitarfélög.

Fræðslunefnd – 2 nefndarmenn. Hlutverk nefndar er að sjá um fræðslu fyrir félagsmenn, sem jafngildir a.m.k. 2 heilum dögum á ári. Nefndin hefur heimild til að skipta upp þessum 2 dögum í 2 til 4 skipti 1/2 til 1 dags námskeið yfir árið.

Siðanefnd – 3 nefndarmenn. Nefndin tekur fyrir mál sem vísað er til hennar þar sem grunur leikur á að siðareglur félagsins séu brotnar.

Uppstillinganefnd – 2 nefndarmenn. Hlutverk uppstillingarnefndar er að gera tillögu á aðalfundi FTT um formann, stjórnarmenn eða skoðunarmenn reikninga ef einhver gefur ekki kost á áframhaldandi stjórnarsetu eða hverfur úr stjórn vegna ákvæða í lögum FTT.

Íðorðanefnd – 3 nefndarmenn. Íðorðanefnd hefur það hlutverk að vinna að íðorðasafni í talmeinafræði og vera í tengslum við Íðorðabanka Íslenskrar málstöðvar

og Íðorðafélagið. Íðorðanefnd heldur úti síðu fyrir félagsmenn á Facebook.

Skemmtinefnd – 2 nefndarmenn. Skemmtinefnd stendur fyrir uppákomum og hittingum á vegum félagsins. Er einnig í samstarfi við aðra við skipulagningu uppákoma á Degi talþjálfunar 6. mars hvert ár.

Skoðunarnefnd reikninga – 2 nefndarmenn. Skoðunarnefnd reikninga fer yfir og samþykkir ársreikninga sem undirbúnir hafa verið af gjaldkera fyrir aðalfund.

Fulltrúar í CPLOL- 2 fulltrúar, einn í hvorri nefnd 1) faglegt starf talmeinafræðinga (professional practice) og 2) menntun (education). Fulltrúar FTT starfa í vinnuhópum innan þessara nefnda og eru milliliðir við félagsmenn um starfsemi innan CPLOL.

Gildistaka

3. gr.

Reglur þessar, sem stjórn Félags talkennara og talmeinafræðinga hefur sett skv. 7. gr. laga Félags talkennara og talmeinafræðinga öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 14. september 2013

f.h. stjórnar FTT

Þórunn Halldórsdóttir,
formaður FTT